



Reykjavík 10.08.2023

**Varðar: Háteigsvegur 44 – grenndarkynnt byggingarleyfisumsókn**

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga Úti og inni arkitekta að breytingum á húseignar á lóð nr. 44 við Háteigsveg.

**Almennt yfirlit um breytingu á deiliskipulagi:**

Í breytingunni sem lögð er til felst skipting húseignar í tvær íbúðir, stækkun á anddyri með sérinngangi fyrir íbúð á efri hæð, gerð nýrra glugga og endurnýjun eldri glugga ásamt því að gerð er grein fyrir áðurgerðum svölum á annarri hæð sbr. uppdráttum Úti og inni arkitekta, dags. 20. mars 2023.

**Tillagan var grenndarkynnt frá 04. júlí 2023 til og með 01. ágúst 2023.**

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/bréf:

1. Edda Guðmundsdóttir, dags. 31. júlí 2023

**Efnislegar athugasemdir eru eftirfarandi:**

**1. Edda Guðmundsdóttir**

Godan daginn,  
Eg by ásamt oldrudum foreldrum mínum á Háteigsvegi 42. Getum við fengið nánari upplýsingar um hversu lengi vinnan mun taka og hvort hægt sé að tryggja að það sé tekið tillit til nágrenna eins og mikid og kostu gefst á meðan á þessu gengur. Móðir mín er mikill astma og migrenis sjúklingur, svefnherbeggir foreldra minni vísa í að anddyri Háteigsvegs 44.

Er t.d. hægt að setja construction ryk tjald yfir Háteigsveg 44 á meðan á vinnunni stendur til að minka ryk og dempa havada? Og líka passa upp á að það sé unnið á venjulegum construction vinnutíma í íbúðarhverfi. Ekki um helgar, of snemma á morgnana né á kvöldin?

Getum við líka fengið utprentud gogn til að skilja betur hvað nákvæmlega er verið að gera þannig að við getum radfaert okkur við arkitekt um hversu mikil roskaun verður af þessari vinnu og hversu lengi þetta mun taka.

Við viljum auðvitað að þau geri husid still upp, en líka að það sé tekið tillit til nágrenna

**Svar:** Við veitingu byggingarleyfis er lagt til að óskað verði eftir áætlun um framkvæmdina sem hafi það að markmiði að valda sem minnstri röskun og truflun í nágrenni á framkvæmdatíma.

**Niðurstaða:**

Athugasemdir sem bárust fela ekki í sér efnislegar athugasemdir. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

**F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri